

EFTIRLITSSKÝRSLA nr. 9

Sérstakt eftirlit sbr. 76. gr. laga nr. 60/2013

Dagsetning eftirlits: 10/9 – 13/9 - '19

Nafn fyrirtækis: Landsnet hf.

Framkvæmdasvæði: Kröflulína 3

Tengiliður fyrirtækis: Bjarni Jónsson

UST201910-178/10.05.04

Ábyrgðarmaður eftirlits: Björn Stefánsson

Tilgangur eftirlits: Staðsetja línuslóð og hafa eftirlit með umgengi og frágangi til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar.

Ábendingar: **Svæði 1.** Hæluð leið frá Öskjuvegi að mastri 96. Náma 8 er nokkuð norðar en á mynd. Við slóðagerð er reynt að fylgja skorningum í hrauni eins og kostur er til að minnka rask hrauninu. Við efnistöku úr námu 8 ætti að reyna að taka efnið úr hryggjum sem liggja lágt í landinu og sem næst hraunkanti. Skoðuð slóð um Ferjuás. Hægt að fara milli lína, en við mastur 105 ætti að reyna að leggja leið við farveg til að freista þess að komast hjá skeringum. Þarna er líklega nokkur hættu á úrrennsli og ætti að skoða hvort unnt sé að komast hjá því að plægja milli mastra 105-104 eða hvort unnt sé að notast við vír ofan á möstrunum. Tekið er efni úr gili sunnan megin í Ferjuásnum til að minnka sjónræn áhrif frá Öskjuvegi. Þarna á að breikka gilið og þarf að gæta þessa að taka efni hvorki of djúpt eða fara of hátt í hlíðar gilsins sem torveldar frágang.

Svæði 2. Farið yfir svæðið. Fjarlægja ætti gróðurtorfur sem komið hefur verið fyrir á einum stað við línuveg áður en torfurnar kæfa gróður sem fyrir er. Færa ætti þessar torfur í gróðurlausa bletti við Kröflulínu 2 eða í rofabörð. Við frágang skeringa ætti að móta skeringuna í stað þess að slétta einungis yfirborð hennar. Þegar farið er í gegnum urð ætti að reyna að tína aðeins það grjót sem er í akbrautinni. Ekki ætti að mynda grjótrastir eða hrúgur við veginn.


Svæði 3. Farið að námu 26 og stikuð leið að mastri 279. Grafnar profuholur. Þar sem efnið virðist ekki mjög þykkt ætti að huga að efni í veg að námu 25. Þar sem vatnsuppistöður eru í flóum á að setja niður ræsi þar sem ekki drenar í gegnum sendið efni sem mun skolast burt ef vatn fer að renna yfir veginn.

Athuga þarf hvort vegur sé á köflum of þykkur sérstaklega þar sem farið er með unnið efni yfir þurrara land. Víða eru mjög áberandi hryggir í köntum vegarins. Kanna þarf hvort unnt sé að hirða upp þetta efni og nýta í slóðina þar sem fjarlægja þarf þetta efni við frágang. Hugsa þarf að því hvernig uppmokstri úr votlendi verði komið fyrir. Þetta efni kemst að líkindum ekki allt fyrir í köntum sérstaklega þar sem þeir eru ómótaðir. Hugsanlegt væri að koma einhverju af þessu efni fyrir í námum og kanna ætti hvort unnt væri að koma þessu einnig fyrir í gömlum vegskurðum.

Frávik: Engin

Niðurstaða eftirlits: Hugsa að mögulegu vatnsrofi í hlíðum Ferjuáss.

18. október 2019, Björn Stefánsson



f.h. Umhverfisstofnunar

Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í náttúruverndarlögum eða mati á umhverfisáhrifum.
Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á sem ekki telst frávik.